

Mál nr. 108/2019**M og
V vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð pípulagningameistara vegna vinnu við pípulagnir.****Gögn.**

Málskot móttakið 19. mars 2019 ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 9. apríl 2019 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti M var pípulagningameistari á vegum X fenginn til að tengja frárennslislagnir frá vaski og uppþvottavél í vaskaskáp í húsnæði M. Fram kemur í málskoti að nokkuð þröngt hafi verið í kring um lagningar og að blöndunartæki M hafi verið með útdraganlegum vatnshaus með lóði á vatnleiðslunni. Segir hann lóðið hafa átt það til að banka í lagnirnar og flækjast í þeim. Nokkrum vikum eftir uppsetningu lagnanna hafi M verið að vaska upp og tekið eftir því að vatn var að renna undan sökkli eldhúsinnréttingarinnar. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að vatnslás undir vaskinum hafi farið í sundur. Hann hafi því óskað eftir því við X að þetta yrði lagfært og í kjölfarið hafi starfsmaður X komið og tengt vatnlásinn aftur með sama hætti og áður. M kveðst hafa gert athugasemdir við starfsmanninn um að lagnirnar væru tengdar með sama hætti en hann hafi þrátt fyrir það engar breytingar gert á legu lagnanna. Daginn eftir kveðst M hafa kannað vatnslásinn og séð að hann var mjög óþéttur og lekur. Hann hafi því óskað eftir því við X að annar starfsmaður þeirra kæmi og lagfærði lagnirnar. Annar starfsmaður X hafi að lokum komið og breytt legu lagnanna til muna og frágangurinn hjá honum hafi verið betri að öllu leyti. M kveður nokkuð tjón hafa orðið vegna vatnsleka frá frárennslislögnunum. Telur M að tjónið verði rakið til ófullnægjandi frágangs starfsmanna X og gerir þá hann kröfu um að tjónið verði bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, m.a. með vísan til þess að M hafi óskað eftir þess að bakplata yrði sett í skápinn sem hafi verið nokkuð hærri en venjulega tíðkast. Starfsmenn X hafi bent M á að bakplatan væri of há og því gæti verð of þröngt fyrir lagnafrágang og slönguna með lóðinu. Frágangurinn sem var í vaskaskápnum hafi því verið gerður að skipan M. Tjónið verði þar af leiðandi ekki rakið til sagnæmrar og ólögmætrar háttsemi starfsmanna X.

Álit.

Í gögnum málsins eru myndir af frágangi frárennslislagnanna eins og þær voru bæði fyrir og eftir að frágangi þeirra var breytt. Af myndunum að dæma er ljóst að frágangur lagnanna fyrir breytingu var óvandaður. Hefði starfsmanni X mátt vera ljóst að nokkur hætta var á að vatnslásinn myndi liðast í sundur bæði vegna óvenjulegs frágangs og vegna þess að hætta var á að lóð á vatnshaus blöndunartækisins rækist í lögnina. Þá er jafnframt ljóst að auðvelt var ganga frá lögnunum með tryggari hætti, svo sem með því að breyta legu þeirra eða festa þær tryggilega við vegginn með þar til gerðum festingum. Þegar litið er til framangreinds verður ekki annað séð en að vatnstjón M verði rakið til ófullnægjandi frágangs og óvandaðra vinnubragða starfsmanna X. Breytir engu í þessu sambandi að þröngt hafi verið í skápnum og bakplata hafi hærri en tíðkast í öðrum verkum X.

Niðurstaða.

M á rétt á að fá tjón sitt bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 14. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.